# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 51

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Innf. 1/8 '10 Nr. 13

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1910, 1. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund og hafði yfirdómari Halldór Daníelsson fundarstjórn í fjarveru borgarstjóra. Voru þar tekin þau mál er hjer greinir:

1. Kröfu Sæmundar Sveinssonar, Holtsgötu 8, um að fá borgaða lóðarræmu, 75 ferálnir að stærð, er tekin hafði verið af lóð hans við lagning vatnsæða, hafði bæjarstjórn vísað til byggingarnefndar, og er tillaga byggingarnefndar sú, að Sæmundi sjeu greiddar 35 krónur fyrir ofangreinda lóðarspildu. –

2. Ekkjufrú Ludvig Bjering leyft að breyta gluggum á forhlið hússins, Laugaveg 6, setja glugga á skúrinn við húsgaflinn, ɔ: þá hlið hans, er að götu veit, og kvistglugga á húsþakið bakatil.

3. Hafsteini L. Lárussyni leyft að gera salerni með eldvarnarvegg við austurmörk á lóð hans upp við húsið, Grettisgötu 22B; stærð salernisins 3° x 1½°

4. Bergur sútari Einarsson vill fá keyptan austurhlutann af Litlabæjarlóð (Gissurarlóð), c. 600 feráln. Byggingarnefndin er ekki mótfallin því að lóðin verði seld og telur hæfilegt verð á henni kr. 1.00 á feralin, en ~~telur vandkvæði á því~~ [það skilyrði sett fyrir] að þar verði sett upp sútunarhús (nema því að eins að frárensli frá því húsi verði ávalt löglega fyrirkomið alla leið niður í sjó. Þann fyrirvara vill byggingarnefnd hafa við lóðarsölu þessa ef til kemur, að 1 til 2 álnir sunnan af lóðinni sjeu látnar óseldar til breikkunar sundinu frá Vatnsstíg.

Fleira ekki fyrirtekið. Fjarverandi auk formanns Jón Jensson, K. Zimsen og Guðm. Olsen.

Fundi slitið

í fjarv. borgarstjóra

Halld. Daníelsson   Kr. Gunnarsson   Sig. Thoroddsen

Rögnv. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 17. júlí 1910.

Hérmeð leyfi ég mér að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún greiði mér hæfilegt endurgjald fyrir rýrnun þá á lóð minni við Brekkustíg og Holtsgötu sem stafaði af lagning vatnsæðar í Brekkustíg síðastl. ár. Samkv. mælingu bæjarverkfræðings nemur rýrnun þessi 75 □ álnum eins og hjálagt vottorð hans ber með sér.

Virðingarfyllst
Sæmundur Sveinsson
(handsalað)

Til Bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík.

Til Byggingarnefndar.

B. Rvk. 538/1910 B.J.B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóð tekin af Sæmundi Sveinssyni Holtsgötu 8, þegar trjegirðing var sett í stað grjótgarðs, sem lá ofaná vatnspípunni í Brekkustíg:

50 x $1\frac{1}{2}$ al. rúma = 75 □ álnir. –

Rvík 11. júní 1910

Sig Thoroddsen.

B. Rvk 538/1910 BJ 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg leifi mjer hjermeð fyrir hönd Ekkjufrúar Louisu Bjering að fara þess á leit við hena háttvirta Byggingarnefnd Reykjavíkur að hún veiti leifi nefndri Ekkju frú að breita gluggum á húsi hennar við Laugaveg 6 en fremur þakglugg. og 2ja rúðuglugga á skúr þann við enda hússins sem nefndin synjaði um að setja hliðarglugga á samkv. bréfi dags. 22 þ.m.

Allt þetta er samkvæmt meðfylgjandi teikningu, svarið óskast sent til mín undirskrifaðs.

Virðingarfyllst

Reykjavík 29 Júlí 1910

pr Luisu Bjering
Jóhann Jóhannesson
Laugaveg 19

Til Byggingarnefndarinnar

Copi

í Reykjavík

B. Ark. 539/1910 B.y. 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur

Undirritaður fer þess á leit við byggingarnefnd Reykjavíkur að fá leifi til að byggja salerni við húsið № 22 B. við Grettisgötu.

Reykjavík 21 Júlí 1910
Hafsteinn L. Lárusson

B. Rvk. 540/1910 B I/3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bergur Einarson
sútari

Reykjavík ............................ 19
Ísland

Hinn 28. júlí f. á var mjer af bæjarstjórninni gefið leyfi til að nota lóðarblett niður við sjó í Skuggahverfi til 15 ára undir skúr eða skýli með 40 króna árlegu eptirgjaldi. Jeg hefi eigi notað þetta leyfi enn þá vegna þess að eigi er hægt að fá veðdeildarlán út á slíka byggingu og yfirhöfuð vont að ~~fá~~ nokkurt annað lán þar sem svo stendur á að sami maður á ekki lóð og hús. Mjer hefur nú komið til hugar að fá aðra lóð keypta hjá hinni heiðruðu bæjarstjórn; það er hin svo kallaða „Gissurslóð“ eystri hluti hennar, kringum 6 hundruð ferálnir að stærð. Lóð þessi liggur í Skuggahverfi vestan við Vatnsstíg milli Hverfisgötu og Lindargötu ~~so~~ austan við Jóns Lund.

Jeg leyfi mjer að fara þess á leit að fá þessa lóð keypta með svo lágu verði, sem hin háttv. bæjarstjórn sjer sjer sjer fært að selja hana.

Til skýringar legu lóðarinnar leyfi jeg mjer að láta fylgja lítilsháttar uppdrátt af henni

Reykjavík 6. júlí 1910
Virðingarfyllst
B. Einarsson

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 5/7 1910 Bj. 13

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur